



Ársskýrsla 2006



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

2006



Eiðisgrandi

I

Sjórinn skolar
dökkar klappir

ofar hnullungar
og nýbrotin björg
ljósgrá
hornótt
í ringulreið

bíða eftir plássi
í uppfyllingunni

svörtu þangkollarnir
útifyrir
depla ekki auga

þeir hafa lært
að sókn borgarskæruliðanna
verður að hafa sinn gang

II

Á ljósastaur
hvítur kúpill
í mjúku
ljósu
mistri

ber óljóst
við skil
himins og hafs

— á sjónarröndina
sest hrafn

reigir sig
í höfuðáttir

lætur bíla
jarðvinnsluvélar
og skip
hafa það
ópvegið

III

Márinn vagnar
á kviku uppstreymi

bíður færís
yfir eirðarlausum öldum

Mig langar
að ljóðfesta hann

Hallgerður Gísladóttir,
úr ljóðabókinni *Í ljós,*
sem kom út árið 2004.



Síðasta ár hefur reynt Faxaflóahöfnum sf. gjöfult í margvíslegum skilningi. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins stendur traustum fótum. Þróun hennar hefur í senn verið forsenda og fylgiskur þess mikla blómaskeiðs sem staðið hefur yfir í íslensku efnahagslífi undanfarinn áratug. Einnig blasir við að fyrirtækið mun leika mikilvægt hlutverk í efnahags-, atvinnu- og byggðarþróun á athafnasvæðinu á næstu árum og áratugum.

Faxaflóahafnir reka nú fjórðu stærstu gámahöfn á Norðurlöndum í Reykjavík, stór hluti þess fiskafla sem veiddur er við Íslandsstrendur kemur á land þar og þungi þeirrar starfsemi mun í auknum mæli færast á Akranes næstu árin. Um það bil sjötti hver ferðamaður sem kemur til Íslands ár hvert ferðast með skemmtiferðaskipi sem leggst við bryggju í Reykjavík. Um Grundartangahöfn voru flutt 930.000 tonn á síðasta ári. Að þessu sögðu þarf ekki að fjölyrða um við hve gríðarlega mikilvæg starfsemi Faxaflóahafna er fyrir íslenskt atvinnulíf í dag.

Það er að sjálfsgöðu meginverkefni stjórnenda fyrirtækisins að standa vörð um kjarnastarfsemi Faxaflóahafna og tryggja vöxt hennar og viðgang á næstu árum. En það er að fleiru að hyggja. Við höfum boðið ríkisstjórninni að taka að okkur byggingu og rekstur nýrrar Sundabrautar, þar með talið ganga og standa viðræður nú yfir um málið. Í Reykjavík stendur yfir mikið umbreytingarskeið á hafnasvæðinu, sem er helsta þróunarsvæði borgarinnar. Tónlistar- og ráðstefnuhús mun rísa við Austurhöfnina og setja mikinn svip á Reykjavík í framtíðinni. Slíppasvæðið við Mýrargötu mun taka stakkaskiptum, þar verður í framtíðinni nýtt og glæsilegt bryggjuhverfi. Stýrihópur vinnur nú að spennandi hugmyndum um framtíðarskipulag í Örfirisey og mögulegum landfyllingum út í nálægar eyjar. Framkvæmdir við Skarfabakka eru á lokastigi, þar verða fljótlega byggðar nýjar starfsstöðvar margra öflugra fyrirtækja. Áfram er unnið að landgerð við Fiskislóð en þar í grennd hefur verið mikill vöxtur í hafnsækinni starfsemi og öðrum atvinnurekstri undanfarin ár. Ný aðstaða hefur verið tekin í notkun fyrir smábáta á Akranesi og unnið er að því að bæta aðstöðu fiskmarkaðarins í bænum. Miklir þróunarmöguleikar eru fyrir hendi á landi fyrirtækisins á Grundartanga. Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru á löngum lista framsækinnar verkefna sem framundan eru hjá fyrirtækinu.

Ég er þeirrar skoðunar að umbreyting og vöxtur athafnasvæðis Faxaflóahafna og þeir miklu möguleikar, sem það býr enn yfir, séu kannski eitt best varðveitta leyndarmálið í almennri umræðu á höfuðborgarsvæðinu. Það verður verkefni stjórnenda fyrirtækisins á næstu árum að spila sem best úr þessum miklu möguleikum, íbúum sveitarfélaganna, sem að fyrirtækinu standa, og landsmönnum öllum til heilla.

Björn Ingi Hrafnsson
formaður hafnarstjórnar



Þau tvö ár sem eru að baki í rekstri Faxaflóahafna sf. staðfesta svo ekki verður um villst, að sameining hafna við Faxaflóa var tímabært og skynsamlegt skref. Þau leiðarljós sem eigendur fyrirtækisins hafa sett sér lúta að skynsamlegri nýtingu lands og fjármuna um leið og stuðlað er að öflugri starfsemi á þeim hafnarsvæðum sem heyra undir fyrirtækið. Faxaflóahafnir sf. hafa verið áhugasamar um að bæta samgöngur milli hafnarsvæðanna og þá sérstaklega á milli Sundahafnar og Grundartanga. Með því geta Faxaflóahafnir sf. stuðlað að hagræðingu í flutningum, auknu öryggi vegfarenda og minni mengun samhliða því að efla starfsemi fyrirtækisins. Í ár leggur stjórn Faxaflóahafna sf. fram græna skýrslu um starfsemi sína. Þess er að vænta að umhverfisáhrif verði í auknum mæli til umfjöllunar innan fyrirtækisins og hvernig stuðla megi að jákvæðum áhrifum með aðgerðum. Umhverfismál verða sífellt ofar á baugi og það á einnig við í rekstri hafna. Þeir þættir sem þar koma til skoðunar eru fleiri en margir halda.

Gísli Gíslason,
hafnarstjóri



Skýrsla hafnarstjórnar og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 1. júní 2007

Starfsemi Faxaflóahafna sf. árið 2006 gekk vel. Á þeim tveimur árum sem fyrirtækið hefur starfað hefur afkoma þess verið með ágætum auk þess sem unnið hefur verið að uppbyggingu hafnarmannvirkja á starfssvæði félagsins. Til grundvallar rekstri og framkvæmdum eru markmið eigenda Faxaflóahafna sf., sem fram koma í viljayfirlýsingu þeirra við stofnun félagsins. Reynslan af samstarfinu er góð og stjórn félagsins samhuga í þeim áherslum sem lagðar hafa verið. Áfram hefur verið unnið að þeim miklu breytingum sem eru að verða á umhverfi og starfsemi Gömlu hafnarinnar auk þess sem sér fyrir lok þróunar landsvæðis og viðlegu í Sundahöfn. Á Grundartanga er í undirbúningi þróunarvinna og skipulagning.

Á Akranesi er unnið að bættri aðstöðu útgerðar og fiskvinnslu og í Borgarnesi er bæði unnið að umhverfisbótum og skipulagningu í tengslum við nýtt deiliskipulag í Brákarey. Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur sett sér 6 ára verkefnaáætlun sem felur í sér áframhaldandi sókn atvinnu- og hafnarstarfsemi á starfssvæði Faxaflóahafna sf. Eflaust mun stjórn hafnarinnar, í fyllingu tímans, aðlaga þá áætlun þörfum hverju sinni, en framundan eru mikilvæg og stór verkefni, sem nauðsynlegt er að vinna ötullega að.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutar þeirra eru eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75%
Akraneskaupstaður	10,7%
Borgarbyggð	4,84%
Hvalfjarðarsveit	9,24%
Skorradalshreppur	0,22%

Eftirtaldir aðilar sátu í stjórn Faxaflóahafna sf. til júnímánaðar 2006:

Árni Þór Sigurðsson, formaður, Helgi Hjörvar, Jóhannes Bárðarson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon af hálfu Reykjavíkurborgar, Sveinn Kristinsson af hálfu Akraneskaupstaðar, Ásbjörn Sigurgeirsson af hálfu sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar og Sigurður Valgeirsson af hálfu sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar. Að auki sat Gunnar Sigurðsson sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Akraneskaupstaðar og Gunnar Ingvar Leifsson sem áheyrnarfulltrúi starfsmanna.

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 23. júní 2006 voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn félagsins:

Björn Ingi Hrafnsson, formaður, Kjartan Magnússon, varaformaður, Ólafur R. Jónsson, Árni Þór Sigurðsson og Dagur B. Eggertsson, af hálfu Reykjavíkurborgar, Sæmundur Víglundsson, tilnefndur af Akraneskaupstað, Páll Brynjarsson, tilnefndur af Borgarbyggð og Hallfreður Vilhjálmsson, tilnefndur af Hvalfjarðarsveit. Áheyrnarfulltrúi tilnefndur af Akraneskaupstað var Sveinn Kristinsson og áheyrnarfulltrúi starfsmanna var Sigurður Óskar Jónasson.

Afkoma ársins 2006

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2006 var með ágætum. Rekstrartekjur voru 2.466 mkr. og rekstrargjöld 1.782 mkr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 683,6 mkr. en hagnaður ársins eftir fjármunaliði nam 490,8 mkr. Til eignabreytinga var varið 1.370,1 mkr. Handbært fé jókst á milli ára um 294,7 mkr. Á árinu 2006 var seldur byggingarréttur að 17 lóðum fyrir samtals 959,9 mkr., en hagnaður að frádregnum kostnaði við lóðargerð samtals 329,3 mkr. Þá greiddu Faxaflóahafnir sf. upp lífeyrisskuldbindingar hjá Lífeyrissjóði Reykjavíkurborgar upp á um 1.0 milljarð kr. og tóku á móti samsvarandi lán til 20 ára. Eignir Faxaflóahafna sf., fastafjármunir og veltufjármunir, jukust á milli ára um 407,6 mkr. eða um 3,6% og skuldir lækkuðu að krónutölu milli ára um 83 mkr. eða um 3,8%. Fjárhagur Faxaflóahafna sf. er því traustur en þess ber þó að geta að hagnaður ársins 2006 er að stærstum hluta myndaður af sölu byggingarréttar.

Framkvæmdir ársins 2006

Til eignabreytinga á árinu 2006 var varið samtals 1.370,8 mkr. Skipting þeirra fjármuna milli athafnasvæða Faxaflóahafna sf. var eftirfarandi:

Gamla höfnin	389,7 mkr.	28,4%
Sundahöfn	546,4 mkr.	39,9%
Grundartangi	174,3 mkr.	12,7%
Akranes og Borgarnes	35,5 mkr.	2,6%
Annað	224,9 mkr.	16,4%
Alls	1.370,8 mkr.	100,0%

Í Gömlu höfninni var unnið að endurnýjun hafnarbakka og athafnasvæðis við Grandabakka og Bótarbyggju og fluttist öll fisktengd starfsemi þangað úr austurhöfninni á haustdögum ársins 2006. Þá var unnið að dýpkun milli Bótarbyggju og Ægisgarðs auk þess sem mengaður jarðvegur var fjarlægður í tengslum við framkvæmdir á Mýrargötusvæði. Þá var áfram unnið að landgerð utan Fiskislóðar.

Í Sundahöfn var Skarfabakki formlega tekinn í notkun í júnímánuði, en Skarfabakki og baksvæði hans er ein stærsta einstaka framkvæmd hafnarinnar allt frá árinu 1917. Þremur fyrirtækjum hefur verið úthlutað byggingarlóðum á svæðinu og af hálfu hafnarinnar er unnið að byggingu þjónustuhúss vegna farþega skemmtiferðaskipa. Með Skarfabakka var tekinn í notkun mikilvæg hafnarbót m.a. fyrir viðlegu skemmti-

ferðaskipa, en bakkinn og aðliggjandi aðstaða nýttist vel árið 2006. Þá var áfram unnið að dýpkun í innsiglingu Sundahafnar og áfram unnið að lengingu Vogabakka auk þess sem landgerð utan Klepps var haldið áfram.

Á Grundartanga var á árinu 2006 lokið við lengingu 500 metra viðlegukants og unnið að fyllingu lands og frágangi. Hafist var handa við undirbúning að gatnagerð, frágangi siglingarverndargirðinga og viðlegu fyrir lóðsbáta, en þær framkvæmdir falla til á árinu 2007. Á seinni hluta árs 2006 tókust samningar við ríkissjóð um kaup Faxaflóahafna sf. á jörðinni Katanesi, sem er um 143 ha. að stærð. Að auki keypti höfnin þær lóðir sem Íslenska Járblendifélagið hf. og Norðurál hf. standa á, en um er að ræða um 142 ha svæði og á höfnin nú alls um 615 ha. landssvæði á Grundartanga til framtíðar-nýtingar og þróunar.

Á Akranesi var á árinu 2006 gengið frá stórbætttri aðstöðu fyrir smábáta auk þess sem ákveðin svæði hafnarinnar voru dýpkuð. Þá var lagfært svæði á enda Aðalhafnargarðs sem notað er við löndun á frystum og ferskum fiski. Í lok árs tókust samningar milli Faxaflóahafna sf. og Nótastöðvarinnar hf. um kaup hafnarinnar á um 500 m² húsnæði fyrir fiskmarkað. Húsnæðið hefur nú verið leigt Fiskmarkaði Íslands, sem flutt hefur starfsemi sína í húsið og er veruleg bót af því að fá þessa starfsemi nær löndunaraðstöðu smábátasjómannanna. Í Borgarnesi voru áframhaldandi úrbætur á hafnarsvæðinu undirbúnar auk þess sem unnið var að viðhaldsdýpkun í smábátalægi.

Á árinu 2006 var nýr dráttarbátur, Magni, tekinn í notkun, en báturinn er með 40 tonna togkraft og gríðarlega mikilvæg viðbót við dráttarbátafloata hafnarinnar, enda fara þau skip sem koma til hafnarinnar stækkandi, bæði farþegaskip og flutningaskip. Fyrirhugað er að endurnýja dráttarbátinn Jötunn með útboði á dráttarbáti með 25 tonna togkraft, en sá bátur gæti komið til hafnarinnar á árinu 2008 eða í byrjun árs 2009.

Skipulagsmál

Á árinu 2006 var m.a. unnið að eftirfarandi skipulagsverkefnum:

- a) Deiliskipulagi á Fiskislóð.
- b) Deiliskipulagi á Klettagörðum og Korngörðum.
- c) Deiliskipulagi á Mýrargötu.
- d) Deiliskipulagi utan Klepps.
- e) Deiliskipulag D-reits utan Ingólfsgarðs.

Auk hefðbundinna framkvæmda og skipulagsmála var unnið að ýmsum málefnum og má þar m.a. nefna vinnu við fram-

tíðarskipulag Örfiriseyjar, viðræður við ríkið um gerð Sundabrautar, samninga við stærstu viðskiptaaðila hafnarinnar um viðskipti og málstofu sem haldin var í febrúarmánuði um framtíð og starfsemi Faxaflóahafna sf.

Í ágúst mánuði samþykkti borgarráð Reykjavíkur að skipa nefnd um framtíðarskipulag Örfiriseyjar og voru fimm aðilar tilnefndir í nefndina. Ýmsar hugmyndir hafa verið skoðaðar um landfyllingar utan Örfiriseyjar fyrir íbúðabyggð auk þess sem breytt nýting lóða í eyjunni sjálfri hefur verið rædd. Annar starfshópur var skipaður af borgarráði Reykjavíkur um framtíð olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey, en sá starfshópur er skipaður á grundvelli tillagna annars starfshóps sem fjallað hafði um sama málefni. Ekki liggur fyrir hvenær tillögur framtíðarnefndarinnar liggja fyrir en þær tillögur þarf að vinna samhliða endurskoðun Reykjavíkurborgar á aðalskipulagi borgarinnar. Starfshópurinn um olíubirgðastöðina í Örfirisey mun skila álitinu á fyrri hluta ársins 2007.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti að óska eftir viðræðum við ríkið um lagningu Sundabrautar og tvöföldun vegar á Kjalarnesi og Hvalfjarðarganga. Samgönguráðherra fól fulltrúum Vegagerðarinnar að ræða við fulltrúa Faxaflóahafna sf. og áttu formaður stjórnar og hafnarstjóri viðræður við þá. Þar kom m.a. fram að unnið væri að umhverfismati vegna Sundabrautar. Í mars mánuði 2007 ályktaði stjórn Faxaflóahafna sf. um vilja sinn til að koma að framkvæmdum við Sundabraut og hefur nú verið skipaður þriggja manna starfshópur, samgöngu- og fjármálaráðuneytis auk Faxaflóahafna sf. til að fara yfir málið. Engum dylst að lagning Sundabrautar, tvöföldun vegar á Kjalarnesi og tvöföldun Hvalfjarðarganga er ekki aðeins mikið hagsmunamál íbúa og sveitarfélaga heldur einnig forsenda þess að starfsemi Faxaflóahafna sf. þróist með þeim hætti sem eigendur félagsins eru sammála um að stefna að. Því er brýnt að þessi verkefni fái farsælan framgang á næstu árum. Faxaflóahafnir sf. eru eigandi að 23,5% hlut í eignarhaldsfélaginu Speli hf. og situr hafnarstjóri þar í stjórn auk þess sem hann er formaður Spalar ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Stjórn Spalar ehf. hefur gert samkomulag við Vegagerðina um endurgreiðslu 150 mkr. láns til Vegagerðarinnar sem auk þess sem Vegagerðin leggur til 100 mkr. að auki til þess að undirbúa tvöföldun vegar um Kjalarnes og Hvalfjarðargöng. Sú undirbúningsvinna, sem felst í skipulagningu, umhverfismati og kaupum á nauðsynlegu landi mun væntanlega ljúka árið 2008 og ætti þá að vera unnt að hefja framkvæmdir við verkefnið.

Í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis, sem gerði ýmsar at-
hugasemdir við framkvæmd hafna á innheimtu vörugjalda hafa náðst samningar um viðskipti stærstu viðskiptaaðila Faxaflóahafna sf. sem tryggja snurðulaus viðskipti þessara aðila. Ljóst er að ákvæði hafnalaga frá 2003 um gjaldtöku hafna var ónákvæm en úr þeim ágalla hefur verið bætt í breytingu á hafnalögum sem gerð var í mars 2007.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að lagarammi hafna til gjaldtöku sé hnökralaus og samskipti hafnanna við viðskiptavini sína eins góð og kostur er.

Stjórn Faxaflóahafna sf. stóð fyrir málþingi í febrúarmánuði 2006 um starfsemi og framtíð Faxaflóahafna sf. og kom þar ýmislegt áhugavert fram og ljóst að þróun á starfssvæðum fyrirtækisins er hröð. Í Gömlu höfninni í Reykjavík eru að eiga sér stað gríðarlegar breytingar með byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss, endurskipulagningu Mýrargötu, uppbyggingu Sjóminjasafnins, ákvörðunum um staðsetningu fiskvinnsluhúsa og athafnasvæði fiskmarkaðar og útgerðar. Varðandi Sundahöfn tók stjórn Faxaflóahafna sf. þá tímamótaákvörðun að lengja Skarfabakka þvert yfir elsta hluta Sundahafnar og stefna að nýjum viðleguköntum með auknu dýpi og bættri aðstöðu fyrir vöruflutninga. Með því er leitast við að haga nýtingu Sundahafnarsvæðisins á eins skynsamlegan hátt og kostur er, en ljóst er að þróun þess svæðis mun ljúka innan 5 – 7 ára. Í tengslum við starfsemina í Sundahöfn er áhugi á því að skoða nýtingu lands hafnarinnar í Gufunesi fyrir vöruhús fyrirtækja sem þurfa á því að halda að lager þeirra sé innan marka höfuðborgarinnar. Á Grundartanga er aukinn áhugi fyrirtækja á lóðum auk þess sem vegagerð og umhverfisfrágangur eru þar brýn verkefni. Á Akranesi eru að skapast ný tækifæri til að markaðssetja höfnina sem ákjósanlegan kost fyrir smærri útgerðir og í Borgarnesi er hafin vinna við deiliskipulagningu Brákareyjar með aðstöðu fyrir smábáta. Á síðustu mánuðum hefur eftirspurn eftir atvinnulóðum aukist verulega. Er þar um að ræða óskir af ýmsum toga, hafnsækin starfsemi, þjónusta við fyrirtæki á hafnarsvæðum og aðra starfsemi. Ljóst er að Faxaflóahafnir sf. munu leita leiða til að mæta a.m.k. hluta af þeirri eftirspurn, en landsvæði í Örfirisey og í Sundahöfn eru nú að verða af skornum skammti og verður því að leita annarra leiða til að mæta þeim þörfum sem fyrir hendi eru.

Faxaflóahafnir sf. gengu frá samkomulagi við Orkuveitu Reykjavíkur í árslok 2006 um fráveitukerfi Faxaflóahafna sf. í Reykjavík, en frá og með síðustu áramótum tók OR við eignarhaldi kerfisins. Þá var gerður samningur við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um að SHS annist viðbragð og aðgerðir við mengunarslysum á starfssvæði hafnarinnar. Á grundvelli samþykktar stjórnar Faxaflóahafna sf. var ákveðið að vinna að „grænu bókhaldi“ hafnarinnar og fylgir ársskýrslunni samantekt þar að lútandi, en þar eru teknar saman umhverfisupplýsingar sem notaðar verða til samanburðar á komandi árum auk þess sem frekari mælingar og viðmiðanir verða þróaðar. Loks má nefna að stjórn Faxaflóahafna sf. ákvað að endurvekja veitingu umhverfisverðlauna, sem verður hluti af aðalfundi fyrirtækisins. Verðlaunin nefnast Fjörusteinninn og verða veitt einu fyrirtæki á starfssvæði hafnarinnar sem sýnir af sér lofsvert framtak í umhverfismálum. Þá samþykkti stjórnin nýja starfsmannastefnu fyrir Faxaflóahafnir sf. og nýja skipulagskrá fyrir Menntunarsjóð Þórarins Kristinssonar.

Á árinu 2006 var haldin siglingakeppni þar sem skútur sigldu frá Paimpol í Frakklandi til Íslands og til baka með viðkomu á Grundarfirði. Siglingakeppni þessi er haldin á þriggja ára fresti til minningar um veiðar Frakka við Íslandsstrendur á 19. og byrjun 20. aldar, en þær veiðar tóku verulegan toll af mannlífum ungra manna m.a. frá Paimpol. Keppnin tókst afar vel m.a. með traustum og góðum stuðningi Siglingafélags Reykjavíkur, Brokeyjar. Gert er ráð fyrir að keppnin verði næst haldin á árinu 2009.

Í maímánuði stóðu Faxaflóahafnir sf. í samstarfi við Háskóla Íslands að verkefninu „Sigling um Sundin“, sem nær til allra nemenda 6. bekkjar grunnskóla á starfssvæði Faxaflóahafna sf. Verkefninu er ætlað að veita nemendum grunnskólanna fræðslu um ýmislegt sem varðar sjóinn og lífríki sjávar og hefur tekist vel á liðnum árum.

Á vettvangi erlends samstarfs hafa Faxaflóahafnir sf. tekið þátt í starfsemi Association of Cities and Ports, en Árni Þór Sigurðsson var þar kosinn í stjórn til þriggja ára. Þá hefur verið fylgst með starfi ESPO, sem eru Evrópusamtök hafna og að auki hefur verið fylgst með starfi Alþjóða hafnasambandsins (IAHP). Þá hefur hafnarstjóri sótt fundi stærstu hafna á Norðurlöndum sem hafa með sér óformlegt samstarf og á sviði tæknimála er fylgst með samstarfi hafna. Faxaflóahafnir sf. tóku að vanda þátt í Seatrade sýningunni á Miami, sem er stærsta sýning og ráðstefna varðandi skemmtiferðaskip. Að auki var á árinu 2006 tekið þátt í skemmtiferðaskipakaupstefnu í Napólí á Ítalíu. Fulltrúar stjórnar Faxaflóahafna sf. kynntu sér aðstöðu vegna móttöku farþega skemmtiferðaskipa í Kaupmannahöfn, Rostock, Hamborg og Amsterdam. Að auki tóku Faxaflóahafnir sf. á móti gestum frá ýmsum löndum á liðnu ári svo sem Frakklandi, Bandaríkjunum, Englandi, Færeyjum, Rússlandi og Þýskalandi, svo dæmi séu nefnd.



Niðurlag

Sem fyrr getur var rekstur og starfsemi Faxaflóahafna sf. með ágætum árið 2006. Afkoma ársins var góð og mikilvægum verkefnum var ýmist lokið eða komið vel áleiðis í samræmi við áætlanir þar að lútandi. Starfsmannafjöldi um áramót var 63 og er starfsmönnum öllum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Faxaflóahafnir sf. hafa á að skipa traustu fagfólki, sem sinnir starfi sínu af stakri kostgæfni og metnaði.

Framundan eru margvísleg verkefni sem áfram verður unnið að. Í því efni er mikilvægt að hafa glögga sýn og leiðarljós sem skilar fyrirtækinu fram á veginn. Óumdeilt er að starfsemi Faxaflóahafna sf. skiptir samfélagið á starfssvæði fyrirtækisins miklu máli. Góður árangur þess skilar því samfélaginu framförum og arði og hefur veruleg áhrif á þróun byggðarinnar. Við stofnun Faxaflóahafna sf. var ákveðið að nýta heimildir hafnalaga um rekstrarform sem ekki telst til opinbers reksturs. Með því að nýta kosti þess á grunni samfélagslegrar ábyrgðar á leiðin til framfara að vera greið. Eflaust verða ætíð mikilsverð verkefni sem þarf að leysa og skiptir þar miklu að stjórn og starfsfólk Faxaflóahafna sf. skynji þarfir samfélagsins á hverjum tíma og mæti þeim breytingum sem nauðsynlegt er að mæta.

Reykjavík 26. maí 2007



Björn Ingi Hrafnsson
Formaður stjórnar



Gísli Gíslason
Hafnarstjóri
Faxaflóahafna sf.




Grænt bókhald Faxaflóahafna 2006

Yfirlýsing stjórnar:

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við aðgang að upplýsingum sem haldið er utan um í grænu bókhaldi fyrir bókhaldsárið 2006. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna sf. eða frá birgjum. Fyrir sumar lykiltölur í grænu bókhaldi hefur ekki verið mögulegt að afla rauntalna fyrir starfsemi Faxaflóahafna sf. Þetta varðar helst upplýsingar yfir starfsemi í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, þar sem nauðsynlegt hefur verið að áætla tölur sem varða starfsemi Faxaflóahafna sf. vegna þess að tiltækar upplýsingar hafa átt við öll þau fyrirtæki sem eru starfandi í sama húsi. Þessar upplýsingar eru áætlaðar eftir bestu vitund.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2006.

Reykjavík, 20. mars 2007



Björn Ingi Hrafnsson, formaður



Árni Þór Sigurðsson



Kjartan Magnússon



Sæmundur Víglundsson



Ólafur R. Jónsson



Páll Brynjarsson



Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Hallfreður Vilhjálmsson



Ávarp hafnarstjóra

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna áhrif starfseminnar á umhverfið. Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða frammistöðu viðkomandi umhverfispáttar. Grænt bókhald gefur þannig notadrjúgar upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu.

Reglugerð um grænt bókhald 851/2002 hefur að markmiði að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Enn fremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfispáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið.

Faxaflóahöfnum sf. er ekki skylt að halda grænt bókhald en hafnarstjórn samþykkti á fundi þann 8. mars 2006 að koma í framkvæmd grænu bókhaldi fyrir Faxaflóahafnir sf. og miða við að það verði gefið út með ársreikningi fyrir árið 2006. Tilgangur þess er að meta umhverfisáhrif rekstrar og innkaupa og áhrif af umhverfisstarfi Faxaflóahafna sf., lágmarka umhverfisáhrif af völdum starfseminnar og auka umhverfisvitund starfsmanna.

Hafnarstjóri myndaði hóp sem vann að tillögum að umhverfispáttum til vöktunar í grænu bókhaldi Faxaflóahafna sf. Gerð var úttekt á allri starfsemi m.t.t. umhverfismála og út frá henni var unnið að tillögum að lykiltölum til vöktunar í grænu bókhaldi. Niðurstaðan af vinnu hópsins voru eftirfarandi 16 lykiltölur sem áhugavert og nauðsynlegt væri að vakta og birta sem lykiltölur í grænu bókhaldi Faxaflóahafna sf.:

- | | |
|----------------------------------|--|
| 1. Raforka | 9. Eiturefni og hættuleg efni |
| 2. Heitt og kalt vatn | 10. Mengun sjávar og sets |
| 3. Eldsneytisnotkun | 11. Mengun jarðvegs |
| 4. Pappírnotkun | 12. Hávaði |
| 5. Úrgangur og spilliefni | 13. Jarðvegsfok |
| 6. Mengunaróhöpp | 14. Umferð á hafnarsvæðum |
| 7. Dýpkun hafna | 15. Nýting lands |
| 8. Landfyllingar | 16. Umhverfisvöktun samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda |

Þetta er fyrsta græna bókhald Faxaflóahafna sf. Grænt bókhald fyrir árið 2006 inniheldur tölulegar upplýsingar um fyrstu 8 tillögurnar að lykiltölum fyrir grænt bókhald. Það er einlægur vilji hafnarstjóra að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og fylgst með frammistöðu í þeim málefnum. Þess vegna hefur hafnarstjóri nú þegar sett af stað verkefni sem stuðla að því að auka enn frekar við þær upplýsingar sem birtar verða í grænu bókhaldi fyrir árið 2007, auk þess að bæta gagnaöflun þannig að sem flestar upplýsingar í grænu bókhaldi byggist á rauntölum, en ekki áætlunum, fyrir starfsemi Faxaflóahafna sf. Einnig verður áhugavert að geta séð að ári liðnu hvort árangur hafi náðst í umhverfismálum þegar í fyrsta skipti verður hægt að bera saman lykiltölur milli ára.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir sf. er sameignarfyrirtæki sem stofnað var árið 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan felst í rekstri dráttarbáta, vita og sæmerkja, hafnarvoga, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Stöðugt hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem skapa aukið landrými á athafnasvæði fyrirtækisins.

Til þessara landfyllinga hefur m.a. verið nýtt efni úr dýpkunarverkefnum og jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

Í töflu 1 eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið.

Tafla 1. Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir sf.

	Eining	2006
Starfsmenn Faxaflóahafna sf.	fjöldi	63
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	21
Bátar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta		
Gamla höfnin	ha / m	70 / 3.304
Sundahöfn	ha / m	190 2.151
Eiðsvík og Gufunes	ha / m	125 / 196
Grundartangi	ha / m	615 / 640
Akranes	ha / m	- / 1.272
Borgarnes	ha / m	- / 61
Hafnarland og viðlegukantar alls	ha / m	1.000 / 7.624
Lóðir í eigu Faxaflóahafna sf.	ha	202
Húsnæði Faxaflóahafna, valdar byggingar		
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna sf.	m ²	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu	m ²	4.127
Bækistöð, Gamla höfnin	m ²	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m ²	93
Vigtarhús, Akranes	m ²	32
Hafnarhúsið Akranesi	m ²	211
Húsnæði alls	m ²	7.251
Skipakomur (yfir 100 tonn)		
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	74 / 55.223
Önnur skip	fjöldi	1548
Flutningar	tonn / TEU	4.830.467 / 277.634

Lykiltölur í grænu bókhaldi

Raforka – notkun og sala

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf. og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefnt sé að betri nýtingu raforku í byggingum og þar með að í byggingum verði dregið úr notkun raforku milli ára. Hins vegar er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem aukin notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að þau noti olíu til að keyra á ljósavélum. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

Tafla 2 sýnir raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf. og sölu til skipa og báta. Af heildarmagni raforku sem keypt er af Faxaflóahöfnum sf. er um 7% notuð í húsnæði Faxaflóahafna sf. með eigin starfsemi, 7% í húsnæði Faxaflóahafna sf. í Tryggvagötu sem er í leigu og um 86% selt í skip og báta. Af þeim þremur byggingum sem skoðaðar eru er notkunin á hvern fermetra húsnæðis á bilinu 53–89 kWst, mest í bækistöð í Gömlu höfninni og minnst í hafnarhúsi á Akranesi. Því skal þó bæta við að Faxaflóahafnir leigja út u.þ.b. 70% af eigin húsnæði í Tryggvagötu til annarra og einungis er einn rafmagnsmælir fyrir allt húsnæðið. Því er aðeins hægt að áætla notkun Faxaflóahafna sf. út frá fermetrafjölda sem er í notkun Faxaflóahafna sf..

Tafla 2. Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf. og sala raforku til skipa og báta.

	kWst	kWst / m ²
Raforkunotkun í byggingum		
Bækistöð, gamla höfnin	110.00	89
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	332.000	57
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf *	95.600	57
Hafnarhús á Akranesi	11.300	53
Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf.	453.000	-
Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	217.000	-
Rafdreifikerfi (rafmagn selt í skip og báta)	2.740.000	-

*áætluð notkun

Heitt og kalt vatn – notkun og sala

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna sf. og sölu til skipa og báta. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefna að því að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna sf. og sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

Heitavatnsnotkun

Tafla 3 sýnir heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf., bæði í rúmmetrum og í rúmmetrum á hvern rúmmeter húsnæðis.

Á vef Orkuveitu Reykjavíkur (www.or.is) má finna upplýsingar um eðlilega notkun hitaveituvatns og leiðir til þess að draga úr notkun. Stærð húsnæðis, aldur þess og starfsemi sem þar fer fram hefur mikil áhrif á hver orkunotkunin er. Í töflu 4 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir notkun hitaveituvatns í rúmmetrum miðað við rúmmál húsnæðis. Lægra gildið er viðmið í vel einangruðu húsi með vel stilltu hitakerfi. Hærra gildið samsvarar eðlilegri eyðslu í húsi í þokkalegu ástandi. Viðmiðin eru fengin frá Orkuveitu Reykjavíkur og byggja á reynslutölum úr húsnæði þar sem unnið hefur verið að orkusparnaðaraðgerðum og bættri hitameningu.

Tafla 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.

Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.	m ³	m ³ / m ³
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	22.400	1,0
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf. *	6.460	1,0
Bækistöð, Gamla höfnin	5.030	0,68
Vigtarhús, Gamla höfnin	3.370	11
Vigtarhús, Akranes	472	3,8
Hafnarhúsið, Akranesi	696	0,92

*áætluð notkun

Tafla 4. Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.

Tegund húsnæðis	m ³ / m ³
Verslunarhúsnæði	0,6-0,8
Skrifstofuhúsnæði	0,5-0,8
Iðnaðarhúsnæði	0,4-1,0
Lagerhúsnæði	0,3-0,8

Séu gildi í töflum 3 og 4 borin saman sést að notkunarstuðull fyrir heitt vatn í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (1,0) er nokkuð yfir viðmiðunargildi Orkuveitu Reykjavíkur (0,5-0,8). Mestur hluti þess vatns sem notaður er í húsnæðinu er notaður til upphitunar húsnæðis. Snjóbræðsla er ekki hluti af þessari notkun. Áhugavert er nú að yfirfara hvernig húshitun er háttað í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu og meta hvort hægt sé að finna leiðir til þess að draga úr óþarfa notkun heits vatns. Það skal þó tekið fram að sama gildir um skiptingu heitavatnsnotkunar og raforkunotkun milli fyrirtækja í húsnæði Faxaflóahafna sf. í Tryggvagötu, þ.e. að tölur fyrir árið 2006 eru byggðar á áætlunum um notkun út frá fermetrafjölda.

Séu gildi fyrir aðrar byggingar en skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu borin saman sést að notkun á hvern rúmmeter húsnæðis er mjög breytileg (allt frá 0,68 m³ / m³ húsnæði í bækistöð í Gömlu höfninni til 11 m³ / m³ húsnæði í vigtarhúsi í Akraneshöfn). Séu þessi gildi borin saman við viðmið Orkuveitu Reykjavíkur fyrir iðnaðarhúsnæði sést að bækistöð í Gömlu höfninni og Hafnarhúsið á Akranesi eru undir viðmiðunargildum fyrir iðnaðarhúsnæði meðan vigtarhús á Akranesi og vigtarhús í Gömlu höfninni eru langt yfir viðmiðunargildum (þ.e. 4–11 sinnum hærrí). Talið er að heitt vatn sem notað er í vigtarhúsi í Gömlu höfninni í Reykjavík, þar sem heitavatnsnotkun á rúmmetra húsnæðis er mest, sé að mjög litlum hluta notað til upphitunar í húsinu sjálfu og sé að mestu notað til snjóbræðslu, en heitt vatn sem fer í gegnum vigtarhúsið sér um snjóbræðslu á stóru svæði í Gömlu höfninni. Þetta útskýrir sjálfsgagt þennan mikla mun á notkun í vigtarhúsi í Gömlu höfninni samanborið við viðmiðunargildi Orkuveitu Reykjavíkur.

Kaldavatnsnotkun

Tafla 5 sýnir innkaup, sölu og útskýrða kaldavatnsnotkun hjá Faxaflóahöfnum sf., en með útskýrðri kaldavatnsnotkun er átt við hversu stórt hlutfall af innkeyptu magni er annaðhvort selt í skip og báta eða notað í húsnæði Faxaflóahafna sf. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnsleka sem getur átt sér stað frá lögnum. Taflan sýnir að útskýrð notkun er aðeins 36% af innkeyptu magni vatns sem gefur tilefni til þess að skoða hvað verður um óútskýrðan hluta vatnsins og hvort leki geti átt sér stað. Óútskýrður hluti er um 123.000 m³. Á vatnsveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur var meðal notkunin á köldu vatni á íbúa árið 2004 um 164 m³ á ári, sem þýðir að óútskýrður hluti vatns er á við árlega kalda- vatnsnotkun 753 íbúa.

Hluti þessa óútskýrða þáttar er þó þekktur, en yfir vetrartímann er nauðsynlegt að hafa sírennslis á vatnslögnum í eldri lögnum í Gömlu höfninni í Reykjavík og á Akranesi til þess að koma í veg fyrir frostsKemmdir á lagnakerfinu. Verið er að vinna í endurnýjun á eldri lögnum og má búast við þáttur sírennslis muni fara minnkandi.

Tafla 5. Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun.

	m ³
Kalt vatn, innkaup á köldu vatni fyrir bryggjur	193.000
Kalt vatn, sala í skip og báta	70.200
Útskýrð vatnsnotkun	36%

Tafla 6 sýnir kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf., heildarnotkun í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (skrifstofa Faxaflóahafna sf. og leigjendur, áætlaða notkun fyrir skrifstofu Faxaflóahafna sf. í Tryggvagötu og mælda notkun í bækistöð í Gömlu höfninni. Á vatnsveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur var meðal notkunin á íbúa árið 2004 um 164 m³. Af þessu sést að notkunin fyrir allt húsnæði Faxaflóahafna sf. í Tryggvagötu er 1.890 m³, sem er á við rúmlega 11 íbúa, áætluð notkun fyrir skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu sem eingöngu er í notkun Faxaflóahafna sf. á við 2 íbúa og á við minna en einn íbúa í bækistöð í Gömlu höfninni. Notkunin á hvern fermeter húsnæðis er þrefalt meiri í skrifstofuhúsnæðinu í Tryggvagötu en í bækistöðinni í Gömlu höfninni. Þessa notkun má útskýra með því að starfsmannafjöldi á hvern fermeter húsnæðis er mun meiri í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, auk þess sem kalt vatn er einnig notað til kælingar á netþjóni þar.

Tafla 6. Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.

	m ³	m ³ / m ²
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.		
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	1.890	0.3
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf. *	334	0.3
Bækistöð, Gamla höfnin	146	0,12

*áætluð notkun

Eldsneytisnotkun

Lýkiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísel og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna sf. en díselolíu og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Tafla 7 sýnir eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis. Notaðar eru þrjár eldsneytistegundir og er mest magn eldsneytis notað á þá 4 báta sem eru í eigu Faxaflóahafna sf., eða 121 þúsund lítrar af skipaolíu. Bensín og díselolíu er notað á 21 ökutæki í eigu Faxaflóahafna sf. Af töflunni má sjá að gróflega má áætla að tæpur fjórðungur gróðurhúsáhrifa frá starfsemi Faxaflóahafna megi rekja til reksturs bifreiða og rúmlega þrjá fjórðungshluta til reksturs báta. Sé losun gróðurhúsalofttegunda borin saman við losun á landsvísu, sem var samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun 3700 þúsund tonn CO² árið 2004, sést að losunin er um 0,01% af losun á landsvísu. Sé losunin borin saman við losun frá samgöngum sem á sama ári var 710 þúsund tonn CO², sést að losunin er um 0,059% af losun til samgangna.

Tafla 7. Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegan brennslu eldsneytis.

Eldsneytisnotkun	l	Kg CO2 ígildi
Skipaolía	121.000	324.000
Dísel	28.800	77.500
Bensín	8.770	20.400
Alls	-	422.000
Hlutfall losunar fyrir landið allt (%)	-	0,011%
Hlutfall losunar við samgöngur (%)	-	0,059%

Pappírnotkun

Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkun auðlindarinnar þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírins. Í grænu bókhaldi fyrir árið 2006 er haldið utan um fjölda og magn A4 skrifstofupappírs. Í töflu 8 kemur fram að notuð voru 56 þúsund A4 blöð á skrifstofu í Tryggvagötu, sem samsvarar 280 kg af pappír eða 4 kg á starfsmann (miðað við heildarfjöldastarfsmanna Faxaflóahafna sf.).

Tafla 8. Notkun skrifstofupappírs.

	Fjöldi	kg	kg/starfsmann
Skrifstofupappír (A4 blöð)	56.000	280	4

Almennur úrgangur og spilliefni

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á forsvaranlegan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sf. sjá um að sé safnað inn frá. Faxaflóahafnir geta þannig haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunaráttaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir sf. eykst.

Almennur úrgangur

Tafla 9 sýnir magn úrgangs sem myndaðist á árinu í húsnæði Faxaflóahafna sf. í Tryggvagötu. Í húsinu eru starfandi fjöldi aðila með mismunandi starfsemi, m.a. Listasafn Reykjavíkur, Vinnumálastofnun, félagsmálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, og sýnir taflan myndun úrgangs fyrir alla aðila í húsinu. Erfitt er að áætla út frá þessum tölum magn úrgangs frá skrifstofu Faxaflóahafna sf. Í framtíðinni eru áætlanir um að vakta myndun úrgangs frá skrifstofu Faxaflóahafna sf. þannig að hægt sé að skrá hana í grænt bókhald.

Í húsnæðinu er úrgangur flokkaður í fjórar úrgangstegundir, þ.e. gæðapappír, dagblöð og tímarit, bylgjupappa og blandaðan úrgang. Gæðapappír, dagblöð og tímarit og bylgjupappi eru send í endurvinnslu meðan blönduðum úrgangi er fargað. Eins og sjá má af töflunni myndaðist alls 22.400 kg af úrgangi. Úrgangur til endurvinnslu er 13% heildarúrgangs og úrgangur til förgunar er 87%. Markmið stjórnvalda er að minnka myndun úrgangs og auka endurvinnslu þess úrgangs sem myndast. Á árinu 2004 var um 28% af heildarmagni úrgangs sem myndaðist á Íslandi enduruninn og 72% fargað. Ekki er um sömu samsetningu úrgangs að ræða og því ekki hægt að bera þessar prósentutölur beint saman. Áhugavert er að skoða hvernig ná meiri endurvinnslu á úrgangi frá skrifstofustarfsemi Faxaflóahafna sf.

Tafla 9. Úrgangur í eigin starfsemi í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Kg
Gæðapappír	Endurvinnsla	560
Dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	1.440
Bylgjupappi	Endurvinnsla	1.000
Blandaður úrgangur	Förgun	19.400
Úrgangur alls	-	22.400
Meðhöndlun	Kg	%
Úrgangur til förgunar	19.400	87
Úrgangur til endurvinnslu	3.000	13

Tafla 10 sýnir magn úrgangs sem myndast hjá einstaklingum og öðrum fyrirtækjum á hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. en sem Faxaflóahafnir sf. sjá um að sé safnað inn. Heildarmagnið fyrir öll svæðin (þ.e. Reykjavík, Grundartanga og Akranes) er tæpt hálf tonn af úrgangi á árinu 2006 og er um 75% úrgangsins safnað saman á hafnarsvæðum í Reykjavík. Hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu er hæst á Grundartanga, eða 86% þess úrgangs sem safnað er. Góður árangur náðist einnig á hafnarsvæðum í Reykjavík en þar var 38% úrgangs sendur til endurvinnslu. Á Akranesi fór allur úrgangur til förgunar.

Tafla 10. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
		Kg	Kg	Kg	Kg
Blandaður úrgangur	Förgun	40.900			40.900
Bylgjupappi	Endurvinnsla	3.870			3.870
Grófur úrgangur	Förgun	122.000	14.500	11.700	148.000
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	54.200			54.200
Málmar	Endurvinnsla	57.200	35.300		92.600
Timbur	Endurvinnsla	67.000	56.700		124.000
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	4.930			4.930
Úrgangur alls:		350.000	107.000	11.700	468.000
Meðhöndlun		%	%	%	%
Úrgangur til förgunar		62	14	100	52
Úrgangur til endurvinnslu		38	86	0	48

Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangstegunda hjá einum aðila eru fyrirmyndar hráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir sf. taka á móti töluverðu magni af hjólbörðum á hverju ári sem notaðir eru sem þybbur við bryggjur. Eins og fram kemur í töflu 11 var á árinu 2006 tekið á móti 120 tonnum af hjólbörðum sem notaðar voru hjá Faxaflóahöfnum sf. Við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, s.s. niðurrif húsa, breytingar á gatnakerfi og jarðvinnu vegna framkvæmda ýmiss konar, þarf oft á tíðum að losa mikið magn jarðvegs og byggingarefna. Þessi efni geta verið fyrirmyndar fyllingarefni, m.a. í hafnarframkvæmdum. Faxaflóahafnir sf. taka á móti töluverðu magni af fyllingarefnum og jarðvegi frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu á ári hverju. Á árinu 2006 var tekið á móti 160.000 m³ af fyllingarefnum sem grófllega má umreikna yfir í u.þ.b. 300.000 tonn. Notkun fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu til landfyllinga er einnig sýnd í töflu 15.

Tafla 11: Úrgangstegundir sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum sf.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Magn
Hjólbarðar	Endurvinnsla (þybbur)	120.000 kg
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)	160.000 m ³

Spilliefni

Faxaflóahafnir sf. geta því haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavinum hafnanna til þess að skila inn spilliefnum. Þetta er gert með því að staðsetja tanka fyrir úrgangsolíu á hafnarsvæðum fyrir smábátaeigendur en þeir eru staðsettir á Reykjavíkurböfn og Akraneshöfn. Eins og tafla 12 sýnir safnaðist 7.900 lítrar af úrgangsolíu á hafnarsvæðum í Reykjavík og 5.900 lítrar á Akraneshöfn. Engin smábátastarfsemi er á Grundartanga og því eru ekki safnað inn spilliefnum þar.

Tafla 12. Úrgangsolía sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði.

	Lítrar
Reykjavíkurböfn	7.900
Akraneshöfn	5.900
Spilliefni alls	13.800

Spilliefni verða einnig til í starfsemi Faxaflóahafna sf. og þá aðallega á bækistöð í Gömlu höfninni. Þar voru spilliefni flokkuð og þeim skilað til Efnamóttökunnar. Ekki var haldið utan um það magn sem myndaðist á árinu 2006 en það verður gert frá og með ársbyrjun 2007.

Mengunaróhöpp

Mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni í magni yfir 100 l berast í sjóinn eða við bryggju og baksvæði þeirra, ber að tilkynna til Faxaflóahafna sf. Einnig bera að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna sf. og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum sf. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna sf. Eins og fram kemur í töflu 13 urðu 3 mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2006.

Fyrsta atvikið átti sér stað í mars 2006 þegar svartolía lak í sjó og á þilfar við eldsneytisáfyllingu á gámaflutningaskipi. Gert er ráð fyrir að um 100–150 lítrar hafi farið í sjóinn. Olía var söguð upp með dælubíl, auk þess sem kallað var á lögreglu og heilbrigðiseftirlit.

Annað atvikið átti sér stað í ágúst 2006 þegar boð komu um að olíubrák væri milli Akureyjar og Engeyjar. Olíubrákin virtist vera um 50 x 50 metrar að flatarmáli og var hún þunn. Ekki var komist að því hvaðan hún kom. Lögreglu var gert viðvart.

Þriðja atvikið átti sér stað í nóvember 2006 þegar skipverjar við hreinsun sjótanka urðu varir við díselólíusmit við skip þegar sjótankur var tæmdur. Virtist hafa lekið milli olíutanks og sjótanks. Við skoðun kom í ljós að mengun var óveruleg og þótti ekki ástæða til frekari aðgerða.

Tafla 13. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna sf.

	Fjöldi	Fjöldi/skipakomur yfir 100 tonn
Tilkynnt óhöpp á landi		
Tilkynnt óhöpp á sjó	3	0,002
Mengunaróhöpp alls	3	0,002

Dýpkun hafna

Aukin hafnarstarfsemi eykur þörf á dýpkun hafnanna. Dýpkun hafna krefst að fjarlægja þarf mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Einnig hefur dýpkun hafna áhrif á botndýralíf þar sem rót kemur á hafsbötn. Fyrir liggur skráning á öllum dýpkunum Faxaflóahafna sf. frá árinu 1985. Heildarmagn dýpkunarefnis er magn hvers árs frá þessum tíma.

Tafla 14 sýnir heildarmagn dýpkunarefnis frá dýpkunum ársins 2006, eða um 3.290 þúsund m³. Rúmlega 12%, eða 398 þúsund m³, var varpað í hafið meðan 88%, eða 2.890 þúsund rúmmetrar voru nýttir til landgerðar.

Tafla 14. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið.

	m ³
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	142.000
Dýpkunarefni varpað í hafið	256.000
Heildarmagn dýpkunarefnis	398.000

Efsta lag botnsets í höfnum getur innihaldið meira magn þungmálma og þrávirkra lífrænna efna (t.d. PAH og PCB) en það magn sem fyrir kemur í dýpri lögum. Þetta aukna magn má rekja til ýmissa aðgerða mannsins, bæði til aðgerða sem varða hafnarstarfsemi en ekki síst starfsemi sem er að öllu ótengd höfnum (s.s. bílaumferð, fráveitu o.s.frv.). Áður en að dýpkunarefnum frá höfnum er ráðstafað eru gerðar ýtarlegar mengunarmælingar á þeim og heppileg staðsetning fyrir losun þeirra er ávallt fundin í samráði við Umhverfisstofnun.



Landfyllingar

Landfyllingar eru hluti af stækkun landsvæðis almennt, hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess sem með landfyllingum geta verið gerðar breytingar á þeim jarðefnum sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum). Hjá Faxaflóahöfnum sf. er haldið utan landsvæði sem fer undir landfyllingar og tegundir og magn efna sem notað er til landfyllinga.

Tafla 15 sýnir að á árinu 2006 voru gerðar landfyllingar sem stækkuðu hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. um 8 ha. Til þess voru notaðir 644 þúsund m³ efnis og var þar að mestu um að ræða endurvinnslu efnis. Notkun efna frá dýpkunarframkvæmdum og fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu skilgreinast sem endurvinnsla. Fyllingarefni frá útboðsverkum skilgreinist ýmist sem endurvinnsla eða notkun úr námum, en í þessum flokki er það verktakinn sem vinnur að umræddri framkvæmd sem útvegar efni til framkvæmdarinnar. Minna en þriðjungur þess efnis sem notaður var til landfyllinga var keyptur úr námum úr sjó.

Tafla 15. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllinga.

		Magn
Landsvæði til landfyllinga	ha	8
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting		
Dýpkunarefni til landgerðar	m ³	142.000
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	m ³	160.000
Fyllingarefni í útboðsverkum	m ³	150.000
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m ³	192.000
Alls efni til landfyllinga	m ³	644.000

Við samanburð á magni dýpkunarefnis til landgerðar í töflu 14 og töflu 15 sést að í töflu 14 er 2.890.000 m³ nýtt til landgerðar, en í töflu 15 einungis 142.000 m³. Þennan mismun má útskýra við að það magn sem gefið er upp í töflu 15 er það magn dýpkunarefnis sem fór til landgerðar á þeim 8 ha sem um ræðir. Mismunur á þessum tveimur tölum er efni sem mun verða notað til landfyllinga en er nú á lager og hefur ekki enn verið tekið í notkun.



Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2006 (í tonnum)

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Innflutningur				
Olía	583,871			583,871
Vörur til stóriðju		719,312		719,312
Bifreiðar	37,359			37,359
Byggingavörur	171,510			171,510
Laust korn	72,402			72,402
Ýmsar vörur	678,891	1,220	23,300	703,411
	1,544,033	720,532	23,300	2,287,865
Útflutningur				
Vörur frá stóriðju	291,574			291,574
Sjávarafurðir	292,058			292,058
Ýmsar vörur	266,163			266,163
	558,221	291,574		849,795
Strandflutningar				
Frá höfn	113,057		76,747	189,804
Til hafnar	2,220			2,220
	115,277	76,747		192,024
Milliflutningar	56,390			56,390
Alls:	2,273,921	1,012,106	100,047	3,386,074
Dæld steinefni	1,266,388		159,334	1,425,722
Landaður afli	88,169		41,219	129,388

Skipakomur til Faxaflóahafna sf. 2006


Fjöldi skipa

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Flutningaskip	382	144	43	569
Fiskiskip	561		96	657
Farþegaskip	74			74
Tankskip	196		2	198
Rannsóknar- og varðskip	89			89
Önnur skip	34		1	35
	1,336	144	142	1,622


Samanlögð stærð skipa

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Flutningaskip	2,756,191	734,669	71,668	3,562,528
Fiskiskip	650,418		109,293	759,711
Farþegaskip	2,170,825			2,170,825
Tankskip	639,072		2,394	641,466
Rannsóknar- og varðskip	167,783			167,783
Önnur skip	60,148		152	60,300
	6,444,437	734,669	183,507	7,362,613

Skipakomur til Faxaflóahafna sf.



Samanlögð stærð skipa (bt) Reykjavík



Gámaflutningar í gámaeiningum (TEU) 2006

	Sundahöfn	Grundartangi	Samtals
Til hafnar			
Hlaðnir	123,045	6,415	129,460
Tómir	10,730	3,885	14,615
	133,775	10,300	144,075
Frá höfn			
Hlaðnir	51,515	8,590	60,105
Tómir	72,413	1,041	73,454
	123,928	9,631	133,559
Samtals			
Hlaðnir	174,560	15,005	189,565
Tómir	83,143	4,926	88,069
	257,703	19,931	277,634



Rekstrarreikningur ársins 2006

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun 2006	2006	2005
Vörugjöld		814,877,000	871,139,735	812,703,781
Aflagjöld		102,610,000	103,681,065	89,480,427
Skipagjöld		163,888,000	178,229,106	159,018,002
Eignatekjur		506,124,000	518,213,504	493,903,797
Hafnarþjónusta		156,084,000	158,617,521	146,906,022
Siglingavernd		181,791,000	179,969,807	182,268,762
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur		440,000,000	456,515,295	101,194,530
		2,365,374,000	2,466,366,033	1,985,475,321
Rekstrargjöld				
Hafnarvirki	21	263,475,000	250,690,810	227,215,436
Eignagjöld	22	223,253,000	230,305,405	125,385,086
Hafnarþjónusta	23	270,563,000	273,155,652	183,353,333
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	24	265,202,000	257,651,155	212,373,327
Siglingavernd	25	119,420,000	125,719,728	114,608,850
Raunbreyting lífeyrisskuldbindingar	14	0	10,085,878	78,200,061
Afskriftir	5,10	580,000,000	635,170,000	579,572,000
		1,721,913,000	1,782,778,628	1,520,708,093
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur, verðb., gengismunur og arður	2	100,000,000	123,553,534	90,142,044
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	2	(300,000,000)	(316,340,793)	(110,981,015)
		(200,000,000)	(192,787,259)	(20,838,971)
Hagnaður ársins		443,461,000	490,800,146	443,928,257

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2006	2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5,10		
Fasteignir og lóðir		3,211,859,520	3,617,651,221
Hafnir og mannvirki		6,033,530,900	5,750,646,234
Gatnakerfi		330,339,218	197,561,900
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		380,100,402	233,010,361
		9,955,830,040	9,798,869,716
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	31,982,127	28,787,709
Langtímakröfur	12	692,472,739	786,137,835
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	12	(295,724,710)	(197,165,927)
		428,730,156	617,759,617
	Fastafjármunir	10,384,560,196	10,416,629,333
Veltufjármunir			
Birgðir:	7		
Vörubirgðir		1,141,292	2,378,205
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	8	382,762,635	298,233,339
Aðrar kröfur		8,742,479	2,643,162
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir		295,724,710	197,165,927
Fyrirframgreiðslur		20,000,000	62,928,806
Handbært fé	9		
Sjóður og bankainnstæður		569,606,673	274,935,242
	Veltufjármunir	1,277,977,789	838,284,681
	Eignir samtals	11,662,537,985	11,254,914,014

Efnahagsreikningur framhald

	Skýr.	2006	2005
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé	13		
Óráðstafað eigið fé		9,490,573,206	8,999,773,060
Eigið fé samtals		9,490,573,206	8,999,773,060
Skuldbindingar	14,17		
Lífeyrisskuldbindingar		55,400,000	49,901,000
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs		(4,986,000)	(3,477,000)
Aðrar skuldbindingar		0	10,000,000
Skuldbindingar		1.537.487.708	637,404,050
Langtímaskuldir	15		
Langtímaskuldir		1,822,546,882	864,107,579
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(285,059,174)	(226,703,529)
Langtímaskuldir		1,537,487,708	637,404,050
Skammtímaskuldir			
Borgarsjóður		478,637	32,766,178
Viðskiptaskuldir		153,610,708	352,105,836
Ýmsar skammtímaskuldir		139,928,552	946,260,361
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	14	4,986,000	3,477,000
Næsta árs afborganir langtíma skulda	15	285,059,174	226,703,529
Skammtímaskuldir		584,063,071	1,561,312,904
Skuldir samtals		2,171,964,779	2,255,140,954
Skuldir og eigið fé samtals		11,662,537,985	11,254,914,014


 Löggiltur endurskoðandi


 Löggiltur endurskoðandi


 Svein Magnússon
 Jónas Valds Ólafsson
 Ólafur Jónsson
 Arnar Þór Sigurðsson
 Þórný Jónsdóttir
 S. Þórný Jónsdóttir
 Hauk Pálmann Ólafsson
 Þórný Pálsson



REYKJAVÍK



AKRANES



BORGARNES



GRUNDARTANGI



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Tryggvagata 17 • Reykjavík

Sími/Tel: +354 525 8900 • Fax: + 354 5258990

E-mail: hofnin@faxaports.is • www.faxaports.is